

Reykjavík 9. mars 2022

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), [350. mál](#)

Að mati Landssambands smábátæigenda (LS) felur frumvarpið í sér umtalsverðar breytingar frá því sem lög kveða á um. LS gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. gr.

LS er andvíggt því að 4. mgr. 2. gr. laga, nr. 116/2006 falli alfarið brott. Í ljósi þess að í greinargerð með frumvarpinu er vitnað til laga um náttúruvernd, telur LS nauðsynlegt að það sé hafið yfir allan vafa að nýting sjávargróðurs skal, auk ákvæða í þessum lögum, vera í samræmi við lög um náttúruvernd, nr. 60/2013. Brottfall eigi því eingöngu við þann hluta málsgreinarinnar sem varðar lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

7. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna falli brott. Ákvæðið felur í sér að allur sjávargróður, hvort heldur sem þang eða þari verði þar með undanþegin veiðigjaldi. LS fellst á að veiðigjald á nýtingu á sjávargróðri (þang í þessu tilviki) sem fellur undir einkaeignarétt eigi ekki við. Allt öðru máli gegnir um þara og því full ástæða til heimila töku veiðigjalds við nýtingu hans.

Virðingarfyllst


Arthur Bogason formaður


Örr Pálsson framkvæmdastjóri

